



Reykjavík, 17. nóvember 2023

IER23080015

HS/SVG/IÓ/KHV

Stafrænt ráð Reykjavíkurborgar  
Alexandra Briem, formaður

### **Minnisblað: Eftirlit með rafrænum kosningum um „Hverfið mitt 2023“**

Hverfið mitt er samráðsverkefni íbúa og stjórnarsýslu um forgangsriðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum Reykjavíkurborgar. Rafræn kosning meðal borgarbúa fer fram á tveggja ára fresti um verkefnahugmyndir sem íbúaráð borgarinnar stilla upp. Kosningarnar fóru fram dagana 14. september til 28. september 2023.

Í 15. grein reglna um rafrænar kosningar um „Hverfið mitt 2022-2023“ kemur fram að *Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með því að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar*. Verkefnið var tvíþætt að þessu sinni, annars vegar að hafa eftirlit með framkvæmd kosninganna 2023 og hins vegar fylgja eftir ábendingu sem sett var fram eftir kosningarnar 2019 og ítrekuð eftir kosningar 2021.

### **Eftirlit með kosningunum 2023**

#### **Framkvæmd kosninganna**

Í aðdraganda kosninganna 2023 fóru fram ýmsar prófanir og undirbúningsvinna og hafði verkefnastjóri í endurskoðun upplýsingakerfa hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf eftirlit með þessari vinnu. Þann 1. september var haldin lykkaathöfn og þann 8. september fór fram stýrð talningaræfing. Þann 12. september var aðgangi að eftirlitskerfum (Tripwire) breytt, eftirlitskerfið var uppfært og raunhverfi ræst. Handritum var fylgt í þessari vinnu án verulegra frávik. Eftir að frestur rann út til að koma að athugasemdum við framkvæmd eða talningu kosninganna var haldin hreinsunarathöfn. Í slíkri athöfn er USB lykklum og lykilorðum eytt til þess að tryggja að næstu kosningar fari rétt fram. Hreinsunarathöfnin fór fram þann 12. október 2023.

#### **Yfirferð niðurstaðna kosninga**

Innri endurskoðun og ráðgjöf fór yfir hvort birtar niðurstöður í skýrslu kjörstjórnar væru í samræmi við niðurstöðu talningar í kosningakerfinu sem fram fór þann 29. september 2023. Niðurstöður kjörstjórnar voru birtar í frétt á vef Reykjavíkurborgar sama dag og var þar m.a. að finna yfirlit yfir niðurstöður kosninganna. Í fréttinni kom fram að kosningaþátttaka hafi verið 12%. Innri endurskoðun og ráðgjöf fór yfir birtar niðurstöður kosninganna og niðurstöður talningar og engin frávik voru þar á.



### Eftirfylgni með ábendingu frá 2019

Innri endurskoðun og ráðgjöf gaf út gula ábendingu um auðkenningu einstaklinga í kosningakerfinu í minnisblaði um niðurstöður eftirlits með rafrænum kosningum 2019 og var hún ítrekuð árið 2021. Við eftirfylgni með ábendingunni í ár var ákveðið að loka henni. Sjá nánar viðauka 1.

### Niðurstaða

Innri endurskoðun og ráðgjöf staðfestir að skráðum ferlum hafi verið fylgt í meginráttum og metur greind frávik ekki þess eðlis að þau hafi áhrif á öryggi og niðurstöður kosninganna 2023. Jafnframt er staðfest að birtar niðurstöður hafi verið í samræmi við talningu atkvæða í kosningunum.

Virðingarfyllt,

Hallur Símonarson

innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar


Afrit: *Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri*  
*Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari*  
*Helga Björk Laxdal, formaður kjörstjórnar rafrænna kosninga „Hverfið mitt 2023“*  
*Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarviðs*  
*Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri*



## Viðauki 1 – Eftirfylgnikönnun ábendinga

Innri endurskoðun og ráðgjöf gaf út gula ábendingu í minnisblaði, dagsettu 19. desember 2019, um niðurstöður eftirlits með rafrænum kosningum um „Hverfið mitt 2019“ og var ábendingin ítrekuð í niðurstöðum eftirlits með rafrænum kosningum um „Hverfið mitt 2021“. Innri endurskoðun og ráðgjöf fylgdi ábendingunni eftir í ár og var niðurstaðan að loka henni.

Tafla 1. Eftirfylgni með ábendingu frá 2019

Ábending	Viðbrögð stjórnenda, kjörstjórnar og teymisstjóra tækniteymis 2021	Mat Innri endurskoðunar og ráðgjafar 2023
<p> Greina þarf ástæður þess að sex einstaklingar auðkenndu sig í kosningakerfi án þess að skila atkvæði. Fyrirbyggja þarf að slíkt endurtaki sig.</p> <p>Ábyrgðaraðili: Mannréttindastjóri, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu</p>	<p>Það eru margar ástæður, mannlegar og tæknilegar, fyrir því af hverju fólk auðkennir sig en klárar síðan ekki að senda inn atkvæðið.</p> <p>Í gegnum árin hefur verið unnið að því að minnka líkurnar á því að þetta gerist en það verður aldrei hægt að koma alveg í veg fyrir þetta á meðan við erum að senda fólk á vefsíðuna island.is til þess að auðkenna sig og síðan aftur á kosningavefsíðu til að klára kosningu.</p> <p>Í kosningunum árið 2021 auðkenndu 50 einstaklingar sig í kosningakerfi án þess að skila atkvæði.] Enginn af þessum 50 fengu lokasíðu kosningar sem staðfestir að atkvæðið hafi farið inn, sú síða birtist bara þeim sem hafa klárað ferlið. Lagt verður til að leggja á það áherslu á upplýsingasíðu verkefnisins og í kynningarefni að það þurfi að koma staðfesting á lokasíðu um að atkvæði hafi komist til skila. Kjósandi verði þá meðvitaðri um að hann þurfi að komast á þessa lokasíðu með skilaboðum um að atkvæði hafi borist eftir að hann auðkennir sig.</p> <p>Þessi ábending verður tekin fyrir og skoðuð með tækniteymi Hverfið mitt fyrir framkvæmd næstu kosninga.</p>	<p>Í ljósi eðli ábendingar þá telur Innri endurskoðun og ráðgjöf að framkvæmdaraðili kosninga hafi reynt eftir fremsta megni að lágmarka líkur á að atvik sem þessi komi upp, með upplýsingagjöf og öðru sem viðkemur tæknilegum atriðum.</p> <p>Erfitt er að fyrirbyggja að kjósandi lendi ekki í einstaka tæknilegum vandamálum frá sínu tæki, hvort sem það eru netvandamál, straumrof o.s.frv.</p> <p>Er ábendingu því lokað.</p>



## Viðauki 2 – Áhættuflokkun ábendinga

Ábendingum Innri endurskoðunar og ráðgjafar er skipt upp í eftirfarandi fjögur stig eftir alvarleika þeirra. Viðeigandi viðbragðstími stjórnenda fylgir áhættustigi ábendingar.

Áhættuþáttur	Fjárhagstap	Lög og/eða kröfur ytri aðila	Siðareglur / aðrar innri reglur	Orðspors-áhætta	Sviksemis-áhætta	Viðbrögð	Áhættumat
Veikleikar í innra eftirliti sem geta leitt af sér eina eða fleiri af eftirfarandi áhættum	Mikið	Brot á lögum eða ekki fylgni við aðrar kröfur ytri aðila	Vöntun/brot á siðareglum og/eða alvarlegt brot á innri reglum	Mikil	Mikil	Tafarlaus	
	Nokkurt	Ekki fylgni við kröfur ytri aðila	Vöntun á innri reglum eða veruleg frávik í fylgni	Möguleg	Möguleg	Innan sex mánaða	
	Lítið	Fylgni við kröfur/tilmæli ytri aðila ekki fullnægjandi	Uppbygging innri reglna eða fylgni við þær ekki fullnægjandi	Litlar líkur	Litlar líkur	Innan árs	
Græn ábending getur þýtt að innra eftirlit er viðunandi en að umbótatækifæri séu til staðar. Jafnframt getur græn ábending þýtt að brugðist hafi verið við ábendingu á vinnslutíma úttektar og að Innri endurskoðun hafi fengið staðfestingu á því að málinu sé lokið. Við eftirfylgni er ábendingum sem hefur verið brugðist við lokað.							